

Kennsluáætlun í dönsku veturinn 2016-2017

Birt með fyrirvara um breytingar

Hópur:

7. bekkur

Kennari:

Helga Dögg Sverrisdóttir

Kennslustundir:

3 á viku.

Námsefni:

Start, lesbók og vinnubók. Ljósritað efni, hlustunarefni, spil og leikir, danskar bíómyndir með og án verkefna.

Smart, lesbók og vinnubók þegar Start er búin.

Efnislega séð fylgjum við Start og Smart bókunum auk viðbótarefni frá kennara. Leikir, smásaga, lagatextar, bíómyndir og hreyfsöngvar notaðir.

Kennsluaðferðir:

Innlögn, einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna og fleira.

Hæfniviðmið:

Hæfniviðmiðum er skipt í sjö flokka og unnið með þau á öllum stigum námsins.

Flokkarnir eru: *Hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi, námshæfni*

Heimanám:

Einhver verkefni kalla á undirbúning heima eða úrvinnslu, því verður þó stillt í hóf. Sinni nemandi ekki vinnu í skólanum þarf hann að ljúka því heima.

Námsmat:

Smásögur 20%, próf og kannanir úr ákveðnu efni 60%, munnlegt próf 10%, vinnubóka- og kennaraeinkunn 10%.

Kennsluárið:

Ágúst- desember: Farið í síðustu kafla Start og vinnubókinni samhlið. Sýndar verða tvær bíómynd og verkefni unnin úr henni. Auk þess verður unnið með viðbótarefni frá kennara, s.s. lagatexta, krossgátur, orðasúpur o.fl. Nemendur vinna ólík verkefni sem tengjast færniþáttunum, hlustun, ritun, talað mál og skilningur.

Janúar- júní: Unnið með fyrstu kaflana í Smart, les- og vinnubók. Nemendur vinna ólík verkefni sem tengjast færniþáttunum, hlustun, ritun, talað mál og skilningur. Unnið með viðbótarverkefni frá kennara s.s. lagatexta, krossgátur, orðasúpur o.fl.

Geti nemandi einhverra hluta vegna ekki unnið með nákvæmlega sama efni og samnemendur sínir mun kennari draga úr kröfum vegna þess náms sem fram fer í kennslustundum, heima, í könnunum og prófum. Er stjörnumerkt á Mentor.

